

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 10. desember 2010

Efni: Umsögn um þingskjal 380 - 313. mál.á 139. löggjafarþingi 2010–2011.

1. ALMENNT

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til breytinga á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld, en í frumvarpinu er að finna tillögur að breytingum á mörgum lögum af margvíslegu tilefni. Verða hér aðeins raktar athugasemdir Deloitte hf. við þær breytingar sem við kemur breytingum á skattalögum. Í frumvarpinu er m.a. lagðar til breytingar á lögum um tekjuskatt, staðgreiðslulögum, lögum um tekjustofna sveitafélaga, lögum um virðisaukaskatt og lögum um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri. Jafnframt eru lagðar til breytingar á ýmsum öðrum lögum, sem ekki gefa tilefni til umsagnar af okkar hálfu.

2. EINSTÖKATRÍÐI

Um 1. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að tekjufærsla af gengishagnaðaði á innlánsreikningum einstaklinga utan rekstrar eigi sér stað við úttekt af reikningum, en nýlega var ákvæðið endurkoðað. Framkvæmdin mun, ef breytingarnar ná fram að ganga, verða betri enda er ákvæðið erfitt í framkvæmd og óréttlátt eins og það er í dag.

Um 2. gr.

Hefur í gegnum tíðina tíðkast öðru hverju, við skipti á dánarbúum, að einstaklingar hafi í grandleysi selt húsnæði sem arfláti hefur átt áður en skiptum er lokið, en dánarbú eru lögaðilar og bera sjálfstæða skattskyldu, en munur er á skattlagningu íbúðarhúsnæðis eftir því hvort það er í eigu einstaklinga eða dánarbúa. Jafnframt telst hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis að fullu til skattskyldra tekna á söluári hafi maður átt hið selda húsnæði skemur en tvö ár, en hafi hann átt hið selda í tvö ár eða lengur telst söluhagnaðurinn ekki til skattskyldra tekna. Þessi réttur færir yfir til erfingja eftir skiptalok, hafi íbúðin

ekki verið seld, og telst söluhagnaður skattfrjáls í hendi þeirra ef íbúðin er þá seld og samtals eignahaldstími hins látna og erfingja er yfir 2 ár. Erfingjar hafa oft ekki þekkingu á skattalegum áhrifum þess að íbúðarhúsnæði er selt á meðan það er í eigu dánarbús og telji að söluhagnaður íbúðarhúsnæðis sem hefur verið í eigu hins látna í yfir 2 ár sé alltaf skattfrjáls.

Sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu, um að meðferð söluhagnaðar af íbúðarhúsnæði manns verði sú sama hvort sem salan fer fram út úr dánarbúi eða af erfingjum, felur í sér breytingu til hins betra og kemur í veg fyrir að einstaklingar lendi í óþarfa skattlagningu vegna skorts á þekkingu á skattalegum áhrifum á sölu íbúðarhúsnæðis úr dánarbúum.

Um 3. gr.

Lagt er til að ákvæði tekjuskattslaga um hlutabréfaafslátt til handa einstaklingum og lögaðilum vegna fjárfestingar í hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum verði felld brott þar sem þau standast ekki EES-reglur. Deloitte hf. mælir með því að lögfestur verði frádráttur vegna fjárfestinga einstaklinga í atvinnurekstri.

Um 5. gr.

Með 8. gr. laga nr. 128/2009 kom fram í greinagerð að ekki hafi verið um efnisbreytingu á því ákvæði að ræða. Hins vegar var sérstaklega kveðið á um að nýtt félag þyrfti að stofna, sbr. orðalagið: „féлага sem urðu til við skiptin“. Með tillögu að breytingu á 52. gr. tekjuskattslaganna verður skýrara kveðið á um að ekki þurfi að stofna nýtt félag við skiptingu, en skilja má ákvæðið samkvæmt orðanna hljóðan á þann veg að einungis sé átt við ný félög. Var á þetta bent í umsögn til Alþingis á sínum tíma þegar framangerð breyting á ákvæðinu átti sér stað.

Er hér því um að ræða leiðréttingu á mistökum við lagasetningu fyrrgreinds ákvæðis. Er ákvæðið því skýrara hvað þetta varðar ef breytingin nær fram að ganga og er breytingin í samræmi við tilgang ákvæðisins.

Um 6. og 11. gr.

Almennt

Við breytingu skattkerfinu sem samþykkt var í lok árs 2009 var landið gert að einu skattumdæmi undir yfirstjórn embættis ríkisskattstjóra þannig að sjálfstæð embætti skattstjóra voru sameinuð undir stjórn ríkisskattstjóra. Var lagt með það að markmiði, samkvæmt frumvarpi þar um, að þegar landið yrði gert að einu skattumdæmi á einu stjórnsýslustigi yrði veittur sjálfstæður kæruréttur vegna þeirra ákvarðana skattstjóra í tilteknum málaflokkum sem áður voru kærnanlegar til ríkisskattstjóra sem æðra stjórnvalds.

Úrskurðir um reikningsár

Í framangreindri breytingu var ekki mælt fyrir um kærurétt til æðra stjórnvalds hvað úrskurði um reikningsár varðar, en í þágildandi 1. mgr. 59. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, var mælt fyrir um að úrskurðir skattstjóra um reikningsár væru kærnanlegir til ríkisskattstjóra. Ein af meginreglum

stjórnsýsluréttar, sem m.a. er lögfest í 26. gr. stjórnsýslulaga, er að ákvarðanir stjórnvalds séu kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Má ætla að kæruréttur hafi verið til staðar til ráðherra, sbr. 26. gr. stjórnsýslulaganna.

Breyting sú sem hér liggur fyrir mælir fyrir um kærurétt til yfirséttarnefndar og er það vel.

Með fyrrgreindum breytingum á árinu 2009 varð ákvörðun ríkisskattstjóra um ívilnanir skv. ákvæði 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Í það minnsta var ekki kveðið á um slíkt í ákvæðinu. Í ívilnun felst að ríkisskattstjóra er heimilt að taka til greina umsókn manns um lækkun á skattstofni þegar svo stendur á sem í ákvæðinu greinir.¹ Jafnframt er mælt fyrir í reglum nr. 212/1996, sem settar voru í kjölfarið á ádeilu umboðsmanns Alþingis vegna skorts á almennum reglum hvað þetta varðar, um skilyrði fyrir ívilnunum, en þær reglur eru ekki lengur með stoð í lögum þar sem núverandi ákvæði kveður á um að fjármálaráðherra setji reglugerð um nánari skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum, en reglurnar eru settar af ríkisskattstjóra á grundvelli þess ákvæðis sem þá var í gildi.

Er í frumvarpi sem nú liggur fyrir ekki lögð til breyting á framangreindu til leiðréttingar á kærurétti skv. 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, samhliða þeirri breytingu sem hér er lögð til grundvallar, þ.e. breyting á kærurétti skv. 1. mgr. 59. gr. sömu laga. Eðlilegt þykir með vísan til framangreinds að kveða á um rétt aðila til kæru á synjun ívilnunar til æðra stjórnvalds, ráðherra eða með sérstakri kærurheimild til yfirséttarnefndar.

Beiðni um endurupptöku

Í 2. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er vísað til 2. mgr. 101. gr. sömu laga. Með lögum nr. 128/2009 kom ákvæðið inn í núverandi mynd, en með lögum nr. 136/2009 féll það út þegar ákvæði 101. gr. laganna var breytt og var þá tekin út réttur aðila til að óska eftir beiðni um endurupptöku mála. Vegna þessara mistaka við framangreindar lagasetningar þurfti að leiðrétta mistökin með lögum nr. 16/2010, þar sem núgildandi ákvæði 2. mgr. 101. gr. laganna var lögfest. Er ákvæðið orðrétt það sama og kom inn með lögum nr. 128/2009.

Í 11. gr. frumvarps þess sem liggur fyrir er gert ráð fyrir breytingu á 2. mgr. 101. gr. laganna, þannig að orðin „sem ekki var unnt að koma að innan tímamarka 99. gr.“ falla brott. Ákvæði þetta er mjög þröngt og íþyngjandi fyrir skattaðila og verður því ákvæðið tekið til sérstakrar skoðunar hér, en ákvæðið hefur hlotið litla umfjöllun í meðförum Alþingis til þessa.

Ákvæðið hljóðar svo í núverandi mynd með áherslu á breytingar og skilyrði:

¹ Lækkun á tekjuskatts- og útsvarsstofni er heimil þegar þegar svo stendur á sem hér greinir:

1. Ef ellihörleki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega.
2. Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað og veiddur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur.
3. Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
4. Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri.
5. Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignartjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.
6. Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna tapa á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.

Ríkisskattstjóra er heimilt að taka til greina beiðni skattaðila um breytingu á ákvörðun um skattstofn eða skattálagningu, þó lengst sex tekjuár aftur í tímann, talið frá því ári þegar beiðni kemur fram, enda liggja verulegir hagsmunir að baki slíkri beiðni. Beiðni skal byggjast á nýjum gögnum og upplýsingum sem ekki var unnt að koma að innan tímamarka 99. gr. Þá skulu skilyrði 96. gr. uppfyllt ef um hækkun er að ræða. Vilkja má frá þessum tímamörkum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Heimilt er skattaðila að kæra breytingar til yfirsattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992. (áh. höf.)

Skilyrði fyrir því að beiðni skattaðila um breytingu verði tekin til greina er að (1) ný gögn og (2) nýjar upplýsingar liggja fyrir og að um (3) verulega hagsmuni sé að ræða. Er lagt upp með það í lögnum að meginreglan sé sú að ágreiningur um álagningu opinberra gjalda sé almennt til lykta leiddur í kærumeðferð ríkisskattskattstjóra og þetta ákvæði ætti því að vera til undantekningartilvik. Hins vegar verður að horfast í augu við það að ákvæðið var um árabíl að finna í 3. mgr. 101. gr. laganna, þar til fyrrgreindar breytingar áttu sér stað. Ákvæði 3. mgr. 101. gr. laganna hljóðaði svo:

Telji ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ákvörðun skattstjóra um skattstofn eða skattálagningu samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum um skatta og gjöld, sem skattstjórar leggja á, getur hann ákvarðað skattaðila skattstofn og skatt að nýju eða falið það skattstjóra, enda séu uppfyllt skilyrði 96. og 97. gr., ef um hækkun er að ræða. Heimilt er skattaðila að kæra breytingar til yfirsattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992.

Samkvæmt þessu ákvæði var því um að ræða endurskoðunarheimild ríkisskattstjóra á ákvörðun skattstjóra um skattstofn eða skattálagningu. Þar sem nú er um að ræða sama aðilan í þessum efnun felur framangreind meðferð í sér hættu á hlutdrægni þar sem ríkisskattstjóri leggur bæði skatt á aðila og kveður á um hvort beiðni um skattaðila um breytingu á ákvörðun um skattstofn eða skattálagningu verði tekin til greina.

Oft hefur verið haldið fram að eitt meginhlutverk skattkerfisins sé að tryggja réttan skatt með réttum hætti. Hefur þetta af sama skapi verið nefnt sem markmið skattyfirvalda.² Hefur framangreindu oftast verið haldið fram í sama samhengi og þegar fjallað er um endurákvörðunarheimildir skattyfirvalda; þannig það sé skylda skattyfirvalda að hafa eftirlit með því að greiddur sé réttur skattur. Hefur þetta sérstaka skírskotun til jafnræðisreglu, sem hlýtur að vera grunnur að baki allrar meðferðar skattyfirvalda. Skýtur því skökku við að ákvæði 2. mgr. 101. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sé orðað með þeim hætti sem það er í dag, þ.e. eins íþyngjandi fyrir skattaðila eins og raun ber vitni. Þó svo að meginreglan sé sú að skattaðilar koma að breytingum í kærumeðferð ríkisskattskattstjóra eru engin rök fyrir því að hafa umrædd ákvæði eins íþyngjandi og raun ber vitni. Jafnframt má benda á að tímafrestir þeir sem vísað er til í ákvæðinu eiga væntanlega við þá tímafresti sem nú er lagt til að verði afnumdir.

Hugtakið verulegir hagsmunir þýðir að ekki sé nægjanlegt að hafa einfalda hagsmuni eða talsverða hagsmuni af því að fá málið tekið fyrir. Bíður orðalagið upp á að einstaklingur sem ofgreitt hefur t.d. kr. 100.000 gæti verið hafnað um endurupptöku á grundvelli þess að ekki séu verulegir hagsmunir til staðar, en ríkisskattstjóri er bundin af lögætisreglunni og ber að fara eftir orðalagi því sem löggjafinn setur

² Samkvæmt upplýsingastefnu RSK er markmið RSK; „Réttur skattur með réttum hætti“.

honum. Væri því rétt að lagfæra orðalag ákvæðisins þannig að í stað „verulegir hagsmunir“ kæmi „réttmætir hagsmunir“.

Að lokum má benda á að til skýringar og fyllingar málsmeðferðarreglum skattalaga eru málsmeðferðarreglur stjórnsluréttar. Gildissvið stjórnslulaganna er afmarkað í 1. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. stjórnslulaganna taka þau til stjórnslu ríkis og sveitafélaga. Þannig taka þau til allra sem með opinbert vald fara, þar á meðal ríkisskattstjóra. Í 2. mgr. 1. gr. stjórnslulaganna eru lögin nánar afmörkuð við stjórnvaldsákvörðanir, þ.e. þegar stjórnvöld taka ákvörðanir um réttindi og/eða skyldur manna. Þegar stjórnvöld taka stjórnvaldsákvörðanir binda þau enda á tiltekið mál. Þegar um er að ræða ákvörðun um meðferð stjórnslumáls er ekki um stjórnvaldsákvörðun að ræða, þar sem ákvörðunin hefur ekki í för með sér endanlega ákvörðun um tiltekið mál. Hafa slíkar ákvörðanir verið nefndar málsmeðferðarákvörðanir eða formákvörðanir.³ Ákvörðanir um meðferð máls eru því ekki stjórnvaldsákvörðanir og falla þannig almennt ekki undir stjórnslulög, en um þær gilda samt engu að síður ólögfestar meginreglur stjórnsluréttarins.⁴ Í vafatilvikum ber fremur að álykta sem svo að stjórnslulög gildi, heldur en þau gildi ekki.⁵

Ákvörðanir skattstjóra um skatta og skattstofna eru kærnanlegar til yfirséttanefndar. Aðrar stjórnslulákvörðanir skattstjóra sæta venjulegri kærumeðferð samkvæmt VII. kafla stjórnslulaganna. Ef skattaðili sættir sig ekki við stjórnvaldsákvörðun getur hann valið á milli þess að leita eftir endurupptöku málsins eða kært ákvörðun, þ.e. ef ákvörðanir sæta ekki kærumeðferð til yfirséttanefndar, þá getur verið heimilt að kæra ákvörðun til æðra stjórnvalds. Æðra stjórnvald í þessu sambandi er fjármálaráðherra.

Í 1. tölul. 24. gr. stjórnslulaga mælt fyrir um að einstaklingur eigi rétt til endurupptöku ef sýnt þykir að upphafleg ákvörðun í máli hans hafi byggt á ófullnægjandi upplýsingum um málsatvik og að þær upplýsingar hafi haft verulega þýðingu um úrlausn þess. Endurupptaka máls samkvæmt 24. gr. stjórnslulaganna er ekki nauðsynlegur undanfari að stjórnslulukæru, sbr. 26. gr. stjórnslulaganna. Synjun á endurupptöku er stjórnvaldsákvörðun og er því ákvörðun um synjun á endurupptöku kærnanleg til æðra setts stjórnvalds á grundvelli 26. gr. stjórnslulaganna. Samkvæmt því má benda á að ríkisskattstjóri er í dag ekki að fylgja leiðbeiningarskyldu sinni eftir með fullnægjandi hætti þegar hann hafnar beiðni um endurupptöku, sbr. 2. tl. 2. mgr. 20. gr. stjórnslulaga, þar sem ekkert er þar minnst á kærurétt til fjármálaráðherra. Ef ekki sé um stjórnvaldsákvörðun að ræða við neitun ríkisskattstjóra á endurupptöku, er þeim mun meiri ástæða til að lögfesta sérstaka kæruehimild þess efnist.

Í 3. mgr. 101. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er tekið fram sérstaklega að bera megi synjun um breytingu samkvæmt þeirri málsgrein undir yfirséttanefnd. Skýtur skökku við að ekki eigi það sama við í málum samkvæmt 2. mgr. greinarinnar, sem er sambærileg þeirri grein. Af því leiðir að rétt sé að setja inn í ákvæðið sem um ræðir tilgreiningu á því að synjun um breytingu megi kæra til yfirséttanefndar.

Samkvæmt framangreindu leggur Deloitte hf. til að ákvæðinu verði breytt á eftir hátt:

³ Páll Hreinsson, *Stjórnslulög – Skýringarrit*, bls. 46.

⁴ Einnig er gerð krafa um að stjórnvöld hagi málsmeðferð í samræmi við vandaða og góða stjórnsluhætti.

⁵ Alþt. 1992, A-deild, bls. 3284.

Ríkisskattstjóra er heimilt að taka til greina beiðni skattaðila um breytingu á ákvörðun um skattstofn eða skattálagningu, þó lengst sex tekjuár aftur í tímann, talið frá því ári þegar beiðni kemur fram, enda liggja réttmætar ástæður að baki slíkri beiðni. Beiðni skal byggjast á nýjum gögnum og upplýsingum. Þá skulu skilyrði 96. gr. uppfyllt ef um hækkun er að ræða. Heimilt er skattaðila að kæra breytingar til yfirskattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992, svo og má bera synjun um beiðni um breytingu samkvæmt þessari málsgrein undir yfirskattanefnd. (áh. höf.)

Leggur Deloitte hf. áherslu á að framangreint verði tekið til efnislegrar umfjöllunar, en á slíkt hefur skort við þær breytingar sem á hafa orðið á ákvæðinu. Ákvæðið hefur af einhverjum sökum verið samþykkt án þess að hafa fengið réttmæta umfjöllun og hafa verður í huga að ákvæðinu ber að vera ákveðinn öryggisventill almennings. Málsmeðferðarreglur skattalaga eiga í senn að tryggja réttaröryggi borgaranna og auka skilvirkni. Með ákvæðinu í dag á réttaröryggið verulega undir högg að sækja á kostnað skilvirkni.

Lög um yfirskattanefnd

Að lokum má benda á að í 13. gr. laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, hefur láðst að breyta til samræmis við breytingar sem orðið hafa á 101. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Tilvísun er enn í 3. mgr. 101. gr. laganna en ætti í raun að vera í 2. mgr. 101. gr. eins henni hefur nú verið breytt.

Um 10., 16, 20. og 28. gr.

Viss tvíverknaður felst í rannsókn skattrannsóknarstjóra og lögreglu við rannsóknir stórfelldra skattvikamála. Skipulagið á milli skattrannsóknarstjóra og lögreglu er í dag bagalegt þar sem tvö embætti geta verið að rannsaka sömu brot á hendur sömu aðilum, jafnvel á sama tíma. Sem dæmi má nefna ef efnahagsbrotadeild hefur til meðferðar auðgunarbrot einstaklings, en á sama tíma er skattrannsóknarstjóri að rannsaka meint skattalagabrot með sama bókhaldi. Þá eru mál sem send eru lögreglu frá skattrannsóknarstjóra tekin til meðferðar tvisvar, þ.e. yfirheyrslur og rannsókn fer fram að nýju. Væri vel hægt að hugsa sér þá meðferð að skattrannsóknarstjóri fullrannsaki ekki mál heldur sendi mál, svipað og ríkisskattstjóri sendir skattvikamál til skattrannsóknarstjóra, þegar grunur um stórfelld brot eru að ræða.⁶ Við það fyrirkomulag yrði minni tvíverknaður í því kerfi sem við búum við í dag. Þess má geta að ekkert stendur því í vegi að slíkt sé gert í dag. Hafa ber í huga í þessu sambandi að skattrannsóknarstjóri hefur ekki heimild til handtöku eða til að gera kröfu um gæsluvarðhald líkt og lögregla.

Ef þessi breyting verður samþykkt verður ekki séð að stórvægilegur munur sé á meðferð skattrannsóknarstjóra og lögreglu. Núverandi fyrirkomulag bíður upp á misræmi og tvíverknað umræddra yfirvalda og verður ekki séð að þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á ofangreindum lagagreinum breyti því.

⁶ Gert er ráð fyrir í 38. gr. reglugerðar nr. 373/2001, um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsókna, að skattrannsóknarstjóri geti vísað málum til sakamála meðferðar á hvaða stigi sem er.

Um 13. gr.

Í frumvarpinu er jafnframt lögð til ný ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 90/2003, um tekjuskatt. Í fyrsta lagi er lagt til að þeir sem hafa fengið frestaða tekjufærslu á grundvelli 60. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, fyrir breytingu greinarinnar árið 2009 geta fært til tekna á þrem árum tekjufærsluna í stað þess að þurfa að gera það í einu lagi og í öðru lagi er lagt til eins konar frítekjumark við 500 millj. vegna eftirgjafa skulda að nokkrum skilyrðum uppfylltum.

Bráðabirgðaákvæði I

Ekki eru athugasemdir við þetta ákvæði.

Bráðabirgðaákvæði II

Lagt er til ákveðið frítekjumark vegna tekjufærslu á niðurfærslum skulda hjá lögaðilum og einstaklingum í atvinnurekri eða stjálfstæðri starfsemi við 500 millj. króna að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Skilyrðin felast í því að eftir að allir frádrættir eru fullnýttir á þessum tíma. Hagnaðarhvatn gæti því verið takmarkaðri.


Það sem af er af árinu 2010 hefur mikill fjöldi fyrirtækja farið í víðtæka endurskipulagningu m.a. með því að skipta upp rekstri og farið fram á samsköttun félaga eða með sameiningu félaga innan samstæðu. Er því helst til óeðlilegt að þau fyrirtæki sem hafa gengið í gegnum endurskipulagningu á árinu 2010 geti ekki nýtt sér það úrræði sem hér um ræðir. Er því lagt til að ákvæðið taki til skattaðila sem tekur þátt í samsköttun og sameiningu við aðra skattaðila eða sé skipt upp í fleiri félög vegna tekjuáranna 2011 til og með 2014, þ.e. að gildistaka ákvæðisins frestist um 1 ár.

3. AÐ LOKUM

Svo virðist vera að ekki sé til staðar tillaga að breytingu 2. mgr. 68. gr. B laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, en í athugasemdum með frumvarpi því sem liggur fyrir kemur fram að lagt sé til að til vaxtagjalda sem mynda stofn til vaxtabóta teljist einungis greiddir vextir og verðbætur á afborganir og vexti en ekki gjaldfallnir.

Virðingarfyllt

f.h. Deloitte


Jakob Björgvin Jakobsson

Lögfræðingur

Skatta og lögfræðisviðs



Vala Valtýsdóttir

Sviðstjóri

Skatta og lögfræðisvið